Orlofshúsabyggð og tjaldsvæði
VR í Miðhúsaskógi

# Gönguleiðir

VR



## Afþreying í næsta nágrenni

Suðurland er einstakt og sá landshluti Íslands sem langflestir ferðamenn sækja heim. Á Suðurlandi geta bæði ungir og aldnir fundið eitthvað við sitt hæfi til dægrastyttingar og skemmtunar. Hér er stórbrotin náttúra og fallegir fossar, heitir hverir spúa sjóðandi vatni, eldfjöllin eldi og eimyrju. Hér er sagan við hvert fótmál, bæði forn og ný, hér var alþingi Íslendinga á Þingvöllum, hér er sögusvið Njálu, hér sátu biskupar landsins í Skálholti. Fyrir þá sem vilja njóta dagsins utan dyra er hér góð stangaveiði í ám og vötnum, góðir golfvellir og sundlaugar og síðast en ekki síst fallegar gönguleiðir fyrir þá sem vilja virkilega njóta útiverunnar.

**SUNDLAUGIN REYKHOLTI**
Biskupstungum
801 Selfoss
Sími: 480 3040

**SKEIÐALAUG**
Brautarholti
804 Selfoss
Sími: 486 5500
Opnunartími – allt árið

**SUNDLAUGIN FLÚÐUM**
Flúðum
884 Flúðum
Sími: 480 6625
Opnunartími – allt árið

**ÚTHLÍÐ FERÐAÞJÓNUSTA OG SUNDLAUG**
Bláskógabyggð
806 Selfoss
Sími: 486 8770
www.uthlid.is

**SUNDLAUGIN BORG**
Tjaldsvæðið Borg í Grímsnesi
805 Selfoss
Sími: 480 5530
Opnunartími – allt árið

**FONTANA HEILSULIND**
Hverabraut 1
840 Laugarvatni
Sími: 486 1400
www.fontana.is

**HEKLUHESTAR**
Austvaðsholt, Holta- og Landssveit
851 Hella
Sími: 487 6598
www.hekluhestar.is

**GOLF - HAUKADALSVÖLLUR**
Haukadalur
806 Selfoss
Sími: 893 8733
www.geysirgolf.is

**EFRA-SEL GOLFVÖLLUR**
Efra-Sel - Hrunamannahreppi
846 Flúðir
Sími: 486 6454
www.kaffisel.is

**GOLF - ÚTHLÍÐARVÖLLUR**
Bláskógabyggð
806 Selfoss
Sími: 486 8770 / 699 5500
www.uthlid.is

Frekari upplýsingar er að finna á **www.south.is**




## SKÝRINGAR

- Þjónustumiðstöð
- Húsnúmer
- Bílastæði
- Ruslagámar
- Leiksvæði
- Karfa
- Frisbee golf
- Áningarstaður
- Útsýnisstaður
- Athyglisverður staður
- Göngustígur

## SVÆÐIÐ

Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir sem liggja um svæðið. Víða má finna athyglisverða staði svo sem skemmtilegar hraunmyndanir og fallega bjarkarlundi.

Fyrir utan svæðið eru stikaðar gönguleiðir. Sem dæmi er 30 mínútna gangur að Brúarfossi og skemmtileg og létt gönguleið meðfram Hrútá.

## ALMENNAR UMGENGNISREGLUR Á SVÆÐINU

Dvalargestir eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu.

Gestir skulu ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.

Óheimilt er að aka utan vega.